



Leiðbeiningar um ritrýni

Ritrýni er jafningjarýni á handriti að grein og mikilvægur þáttur í fræða- og vísindastarfi. Ritrynin er eins konar sía sem stuðlar að auknum gæðum fræðilegra skrifa og tryggir að einungis eru birtar greinar sem fullnægja ákveðnum viðmiðum.

Ritrýnir gerir gagnrýna úttekt á handriti að grein og skilar um það skriflegu álitu. Til hliðsjónar hefur hann leiðarvísi við ritrýni og leiðbeiningar til höfunda ritryndra greina. Í álitinu skal draga fram bæði styrkleika og veikleika handritsins og taka afstöðu til þess hvort það er birtingarhæft eða þarfnast lagfæringa. Álitu ritrynir handritið ekki birtingarhæft þarf að rökstyðja það.

Gagnrýni ritrynis skal vera uppbyggileg og hvetja höfund/a til að leggja frekari vinnu í handritið. Leggja skal áherslu á að efla skapandi hugsun og benda á leiðir til úrbóta. Gera skal athugasemdir við handritið þar sem þess er þörf og benda á það sem er ábótavant. Mikilvægt er að útskýra og rökstyðja athugasemdirnar, t.d. með tilvísun í ofangreind skjöl sem eru notuð sem viðmið.

Niðurstaða ritrynis getur verið með fernum hætti:

1. Handritið er hæft til birtingar óbreytt ef frá eru taldar málfars- og stafsetningavillur.
2. Handritið er hæft til birtingar með minni háttar efnislegum lagfæringum.
3. Handritið er hæft til birtingar með töluverðum efnislegum lagfæringum.
4. Handritið er óhæft til birtingar og þarf að endurvinnna áður en það er sent inn aftur.

Álit og niðurstaða ritrynis skal send til fræðilegrar ritstjórnar. Ritrynir hefur fjórar vikur til að ritryna handrit. Honum ber að tilkynna fræðilegri ritstjórn ef hann getur ekki staðið við tímamörkin.